

Börkur Sigurbjörnsson

# Mótmæli

örsaga



Urban Volcano

# Mótmæli


## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017  
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson  
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efnið ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Mótmæli

---

Ég sat við stofuborðið með pappaspjald og tússpenna fyrir fram-  
an mig. Mig langaði að skrifa sterk skilaboð til heimsins. Ég  
vildi mótmæla. En hvað var það sem ég vildi mótmæla? Ástandi  
þjóðfélagsins. En hvað var það við ástand þjóðfélagsins sem ég  
vildi mótmæla? Ég vildi mótmæla bankakerfinu. En hvað vissi  
ég um afleiður og fjármálagerninga? Ég vildi mótmæla stjórn-  
málamönnunum. En hvað var það annars sem þeir gerðu? —  
þessir blessuðu stjórnámálamenn.

Ég var gersamlega hugmyndasnauður og fann til vanmátt-  
ar vegna þess að ég gat ekki komið mótmælum mínum í orð.

Þjóðfélagið var svo flókið að þó ég vissi að eitthvað væri í ólagi þá gat ég ekki sett fingur á orsökina. En var það kannski ekki málið?

Ég greip um tússpennann og skrifaði skilaboð mín til heimsins: „Ég krefst einföldunar á þjóðfélaginu til þess að fólk eins og ég geti skilið hverju við viljum mótmæla!“

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnu atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano